

Nd.

380. Nefndarálit

[118. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Með frv. þessu er lagt til að framlengja í eitt ár gildandi lagaákvæði „um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða.“

Eftir að verð á olíu hafði hækkað mjög mikið á síðari hluta ársins 1973 og á fyrri hluta ársins 1974, þótti óhjákvæmilegt að gerðar yrðu sérstakar ráðstafanir til að draga úr þeim mikla kostnaðarauka, sem þeir landsmenn urðu fyrir, sem ekki áttu annars úrkosta en að hila upp íbúðir sínar með notkun olíu.

Það varð að ráði að leggja skyldi á eitt söluskattsstig til viðbótar þeim sem fyrir voru, og verja tekjum af því í þessu skyni.

Upphafleg lög um þetta efni giltu frá 1. mars 1974 til 1. mars 1975. Þau lög voru síðan framlengd með nokkrum breytingum fyrir tímabilið 1. mars 1975 til 1. mars 1976. Og nú er lagt til að framlengja löginn enn fyrir tímabilið 1. mars 1976 til 1. mars 1977.

Fyrir s. l. árstímabil er talið að tekjur samkv. lögnum hafi numið um 1200—1250 millj. kr. og hafi verið ráðstafað þannig:

Til einstaklinga .....	750 millj. kr.
— rafveitna .....	55 millj. kr.
— Orkusjóðs .....	400—500 millj. kr.

Nú er gert ráð fyrir að tekjur af einu söluskattsstigi muni nema um 1250 millj. kr. á ári. Samkvæmt upplýsingum, sem fram hafa komið við athugun frv. í fjárhags- og viðskiptanefnd, er líklegt að þeim fjármunum yrði varið þannig eftir ákvæðum frv. eins og það kemur frá Ed.:

Til einstaklinga 78 þúsund á 9500 kr .....	741 millj. kr.
— rafveitna .....	85 millj. kr.
— Orkusjóðs .....	424 millj. kr.

Alls 1250 millj. kr.

Ég tel að verja eigi öllum tekjum samkvæmt lögnum í þeim tilgangi sem upphaflega var ætlað með setningu laganna, þ. e. a. s. til „að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða.“ Ráðstöfun þessa fjár til annars er að mínum dómi óeðlileg og ranglát. Kostnaður þeirra, sem verða að hita upp íbúðir sínar með olíukyndingu er gífurlega mikill, eflaust þrisvar til fjórum sinnum meiri en þeirra sem notað geta jarðhita.

Ég legg því til að gerðar verði á frumvarpinu svofelldar

BREYTINGAR:

Við a-lið 2. gr.

- Í stað „kr. 9500“ komi: kr. 13 500.
- Setningin „þó skulu lífeyrisþegar . . . fá greiddan styrk, sem nemur 1½ styrk einstaklings“ verði: þó skulu lífeyrisþegar . . . fá greiddan styrk, sem nemur tvöföldum styrk einstaklings.

Alþingi, 26. febr. 1976.

Lúðvík Jósepsson.